


Ert þú með réttu gleraugun?

Stuðningsefni til að samþætta sjónarmið
réttinda barna og málefna ungmenna við
starf Norrænu ráðherranefndarinnar



Norræna
ráðherranefndin

Ert þú með réttu gleraugun?

Stuðningsefni til að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna við starf Norrænu ráðherranefndarinnar

Nord 2020:046

ISBN 978-92-893-6731-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-6732-5 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/nord2020-046>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Jette Koefoed

Myndir: Imageselect/Jette Koefoed

Kápumynd: Imageselect/Jette Koefoed

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

Ert þú með réttu gleraugun?

Stuðningsefni til að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna við starf Norrænu ráðherranefndarinnar

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna hjá Norrænu ráðherranefndinni	7
Viðhorfskönnun – hver er þín afstaða?	11
Svona er farið að	13
Áætlun um samþættingu	20
Nokkur orð að lokum	22

” Norðurlönd eiga að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni.

GRUNDVALLARREGLUR

Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna eru fjórar grundvallarreglur sem eiga við alla einstaklinga yngri en 18 ára. Þær eru eftirfarandi:

- 2. grein:** Reglan um að vinna gegn mismunun og tryggja öllum börnum sömu réttindi.
- 3. grein:** Reglan um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn.
- 6. grein:** Reglan um rétt barna til að lifa og þroskast.
- 12. grein:** Reglan um að taka réttmætt tillit til skoðana barna og að öll börn hafi rétt á að tjá skoðanir sínar.

Sambærileg réttindi til handa ungmönnum 18 ára og eldri eru tryggð í öðrum alþjóðlegum sáttmálum um mannréttindi. Þegar sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna eru rædd, er mikilvægt að hafa í huga að börn og ungmenni eru langt í frá einsleitur hópur. Ýmsar breytur á borð við fötlun, kyn, kynvitund eða kyngervi, uppruna, trúarbrögð eða aðra lífsskoðun, kynhneigð og aldur geta haft áhrif á reynslu þeirra, aðstæður og þarfir. En mikilvægt er að muna að öll börn og ungmenni njóta sömu réttinda, og að því ber að gæta í starfinu!

Inngangur

„Norðurlönd eiga að vera besta staður í heimi fyrir börn og ungmenni.“

Þessi framtíðarsýn, sem sett er fram í þverfaglegri stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um börn og ungmenni á Norðurlöndum, setur málefni barna og ungmenna á aldrinum 0–25 ára í forgang.

Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að Norræna ráðherranefndin samþætti sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í auknum mæli við starf sitt og veiti skoðunum barna og ungmenna þar með aukið rými og taki tillit til þeirra. Þetta markmið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en einnig á þeirri sannfæringu að verkefni og starfsemi ráðherranefndarinnar njóti góðs af því að börn og ungmenni séu virkjuð til þátttöku og áhrifa á ýmsa vegu. Ákvarðanir geta auk þess öðlast aukið lögmæti og aðgerðir orðið betri og átt erindi við fleiri, ef tekið er mið af sjónarmiðum barna og ungmenna. Það að taka þátt í samfélaginu og geta haft áhrif á eigið líf eru **réttindi** – en einnig

auðlind. Útilokun barna og ungmenna er því ekki aðeins brot á réttindum þeirra heldur einnig sóun á auðlindum.

Hvað felst þá í því að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna við starf Norrænu ráðherranefndarinnar og hvernig er það gert? Riti þessu er einmitt ætlað að skilgreina það og skýra.

Rit þetta ásamt ritinu „Do Rights! – Norræn sjónarhorn varðandi þátttöku barna og ungmenna“, mun vonandi gagnast starfsfólki á skrifstofu ráðherranefndarinnar, stofnunum hennar og samstarfsstofnunum, fulltrúum í nefndum, samstarfsaðilum, stefnumótandi aðilum og verktökum, ásamt formennskulöndum í öllum ferlum og starfsemi innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar. Kannski verður ritið einnig öðrum aðilum í starfinu hvatning til þess að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna við sína starfsemi.

Við vinnslu stuðningsefnisins var meðal annars sótt í efni frá embættum umboðsmanna barna á Norðurlöndum, Evrópuráðinu, sænsku stofnuninni Myndigheten för ungdoms- och civilsamhällesfrågor, samstarfsnetinu Nätverket för barnkonventionen, sænskum sveitarfélögum og svæðis-bundnum ráðum o.fl. Einnig hafa fulltrúar frá Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) veitt aðstoð og lagt fram tillögur.

” Samþætting sjónarmiða barnaréttinda og ungmenna í starfi Norrænu ráðherra-nefndarinnar felur í sér að fólk kynni sér og taki tillit til þess hvernig börn og ungmenni hugsa um og finna fyrir áhrifum af ákvörðunum þess og gerðum.

VISSIR ÞÚ AÐ

Jafnrétti og sjálfbær þróun eru einnig sjónarmið sem á að samþætta við starf Norrænu ráðherranefndarinnar. Sams konar samþættingar-aðferðir eru einnig hentugar á þessum sviðum, þrátt fyrir að málefnið séu önnur.

Sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna hjá Norrænu ráðherranefndinni

Kynning á hugtökum – kenning og framkvæmd

SJÓNARMIÐ RÉTTINDA BARNA OG MÁLEFNA UNGMENNA HJÁ NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI

Takið mið af réttindum barna (0–18 ára) sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum og greinið jafnframt og virðið sjónarmið og raddir barna og ungmenna (0–25 ára).

SAMÞÆTTING:

Felst í því að skipuleggja, þróa og meta ákvarðanatökur á þá leið að gætt sé að sjónarmiðum barnaréttinda og ungmenna (einnig sjónarmiðum jafnréttis og sjálfbærni) á öllum stigum ferlisins af þeim aðilum sem alla jafna koma að ákvarðanatökum.

(Innblástur sóttur í skilgreiningu Evrópuráðsins á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða)


Hugarafi og aðgerðir skulu vera til staðar á öllum stigum ferlisins

Samþætting sjónarmiða barnaréttinda og ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felur í sér að fólk KYNNI SÉR og TAKI TILLIT TIL þess hvernig börn og ungmenni HUGSA UM og FINNA FYRIR áhrifum af ákvörðunum þess og gerðum. Samþætting felst þannig bæði í HUGSUN og FRAMKVÆMD.

■ **HUGSUN** felur í sér að fólk greini, á hinum ýmsu skeiðum verkferla, hvaða áhrif þær ákvarðanir, sem teknar eru, hafa á börn og ungmenni sem búa við mismunandi aðstæður og kjör á Norður-löndum – áhrifamat áður en ákvörðun er tekin og jafnframt í matsferlinu eftir á.

■ **FRAMKVÆMD** felur í sér að bregðast við út frá þeirri greiningu sem gerð var. Greiningin á þannig að hafa áhrif á það ferli eða lokaafurð sem unnið er með.

” Aðferðafræði sam-
þættingar gengur út
frá því að sérfræðingar á
sínum sviðum séu best til
þess fallnir að koma auga á
tenginguna við málefni
barna og ungmenna.



Fjölbreytileg sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna

Vitanlega fer það eftir málaflokkum hvað sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna geta og eiga að vega þungt. Á sumum sviðum er tengingin við lífsskilyrði barna og ungmenna augljósari en á öðrum. Flest taka sviðin þó til sjónarmiða og málefna sem hafa áhrif á lífsskjör barna og ungmenna, eða þar sem skoðanir barna og ungmenna geta stuðlað að þróun á umræddum sviðum. Það er á þessum sviðum sem samþætta þarf sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna. Aðferðafræði samþættingar gengur út frá því að sérfræðingar á sínum sviðum

séu best til þess fallnir að koma auga á tenginguna við málefni barna og ungmenna.

Ein leið til að greina tengingu við börn og ungmenni á tilteknu sviði er að efna til málstofu með þátttöku þeirra sem umsjón hafa með viðkomandi sviði og sérfræðinga í mállefnum barnaréttinda og ungmenna (og, þar sem við á, með þátttöku barna og ungmenna). Vinnan á hverju sviði fyrir sig gengur síðan út á að greina hvort, og þá hvernig, börn og ungmenni verði fyrir áhrifum í bráð og lengd.

” Þú getur stuðlað að því
að Norðurlönd verði besti
staður í heimi fyrir börn og
ungmennni, með því að greina og
blása lífi í sjónarmið réttinda
barna og málefna ungmenna í
þeim málum sem þú vinnur
með og þekkir best.

Viðhorfaskönnun – hver er þín afstaða?

Umfang samþættingar sjónarmiða barnaréttinda og ungmenna ræðst meðal annars af þeirri þekkingu og verkfærum sem til er að dreifa hverju sinni, en einnig af nokkru sem erfiðara er að henda reiður á en það er viðhorf fólks!

Hér er dálítið próf sem getur auðveldað fólki að átta sig á afstöðu sinni gagnvart samþættingu sjónarmiða barnaréttinda og ungmenna í sínu starfi. Veljið þá fullyrðingu sem á best við og takið endurgjöfina til ykkar.

„Það segir sig sjálf“

Stórfínt! Notið rit þetta sem gátlista til eigin nota, eða kannski öllu heldur til þess að sannfæra og styðja starfssystkin og samstarfsfólk í því að tileinka sér sömu viðhorf!

„Við gerum það nú þegar“

Frábært! Farið gjarnan aftur yfir hvernig starf ykkar kemur heim og saman við grundvallarreglur Barnasáttmálans. Hjálpið einnig starfssystkinum og samstarfsfólki að koma auga á og bregðast við eins og þið gerðuð. Og heitið á ykkur að ganga enn lengra til að auka þátttöku og áhrif ungmennanna. Þorið þið að treysta börnum og ungmennum fyrir því að framkvæma verkefni, að hluta eða að öllu leyti?

„Það er óþarfi“

Það er það ekki! Sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna byggja á sáttmála

Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og á afstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar, og því er samþætting þeirra ekki valfrjáls. Málið snýst um að sjá börn og ungmenni sem mikilvægan samfélagshóp, nú og til framtíðar. Þú getur stuðlað að því að Norðurlönd verði besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni, með því að greina og blása lífi í sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í þeim málum sem þú vinnur með og þekkir best.

„Þetta á ekki við á mínu sviði“

Hugsaðu þig betur um! Tengingin liggur kannski ekki í augum uppi, en sjónarmið og málefni sem varða börn og ungmenni og tilveru þeirra á einhvern hátt má finna á öllum fag- og stefnusviðum. Þið eruð sérfræðingar á ykkar sviði og því best til þess fallin að koma auga á snertifletina.

„Við þurfum að taka tillit til svo margra sjónarmiða – það er ekki pláss fyrir eitt enn“


Skipuleggið vinnuna þá öðruvísi! Í næstum allri starfsemi ber að taka mið af einhverjum sjónarmiðum á öllum sviðum og í öllum málum. Það er ekki nýtt af nálinni að starfsfólk finni fyrir ofgnótt sjónarmiða – en úr því má bæta með betra skipulagi. Til að varna því að fólk finnist nýjum sjónarmiðum hlaðið ofan á lykilmálefnið er mikilvægt að koma upp starfsvenjum sem tryggja að umrædd sjónarmið verði sem eðlilegastur þáttur í verkferlum ykkar, svo að sjálfsagt þyki að taka tillit til þeirra í dagsins önn.

1. SKREF:

Vitund

2. SKREF:

Kortlagning
ferlis



3. SKREF:

Hlutverka- og
verkaskipting

4. SKREF:

Þekking og
verkfærakassi

5. SKREF:

Samþætting

NORDBUK

Eins og þið sjálfsagt vitið er Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) ráðgjafar- og samhæfingaraðili í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar sem lýtur að málefnum barna og ungmenna. Hlutverk NORDBUK er að aðstoða norrænu samstarfsráðherrana við innleiðingu, eftirfylgni og mat á stefnunni um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum. NORDBUK á einnig að styðja fagráðherranefndirnar í því að starfa út frá sjónarmiðum barnaréttinda og ungmenna.

Svona er farið að

Þessum hluta er ætlað að styðja ykkur í því að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í reynd í starfi ykkar. Hægt er að fara í gegnum hann frá einu skrefi til annars, en einnig er hægt að koma inn í það skref sem best hentar stöðu hvers og eins.



1. SKREF: VITUND

Greinið hvernig þau málefni sem unnið er með á ykkar vinnustað tengjast börnum og ungmennum, svo og barnasáttmálanum.

Sé þörf á aukinni færni og hvatningu má hafa samband við NORDBUK eða ráðgjafa um málefni barna og ungmenna!

Með samþættingu er hér átt við aðferð til þess að standa vörð um tiltekið sjónarmið innan starfseminnar. Hún byggir á þeirri grundvallarhugmynd að það séuð þið sem eruð sérfræðingar á ykkar sviði og því best til þess fallin að þróa og samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna með því að þróa starfsemi ykkar. Því er það lykilatriði að þið tileinkið ykkur sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna. Grundvallargreining á því hvernig verkefni ykkar tengjast málefnum barna og ungmenna leggur þannig grunn að allri samþættingu.

Hvernig stuðla störf ykkar að því að réttindi barna séu virt?

Hvernig snerta verkefni ykkar málefni barna og ungmenna?

Hvaða hópa barna og ungmenna snerta verkefnin og hverja ekki?

Hvaða börn og ungmennti verða útundan og hvers vegna?

2. SKREF: KORTLAGNING FERLIS

Greinið þau ferli í starfsemi ykkar – verkefni og afurðir – sem þarfnast samþættingar sjónarmiða barnaréttinda og ungmenna!

Eins og fram hefur komið snýst samþætting bæði um hugsun og framkvæmd. Til að svo megi verða er lykilatriði að þið vitið HVENÆR – það er í hvaða verkefnum – þið þurfið að taka mið af Barnasáttmálanum og hvenær hlusta þurfi eftir reynslu og skoðunum barna og ungmenna.

Í hvaða verkferlum getum við samþætt sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna?



Fáein dæmi um ferli hjá Norrænu ráðherranefndinni þar sem samþættingar kann að vera þörf:

- við gerð samstarfsáætlana, stefnumótunar og framkvæmdaáætlana
- við gerð fjárhagsáætlunar (orðalag og forgangsörðun)
- við gerð formennskuáætlana
- við gerð fjárveitingarbréfa
- við ákvarðanatöku
- við undirbúning verkefna og annarra aðgerða
- í forgangsörðun og reglum fyrir styrkjaáætlanir
- við framkvæmd verkefna ráðstefna, sýninga og málstofa
- við eftirfylgni og mat á stefnumótunarskjölum og verkefnum
- í pöntunum til samstarfsaðila
- við stjórnun ytri aðila
- í gæðatryggingu á verkum starfssystkina og samstarfsaðila
- í þróunarsamtölum og annars konar þróunarsamráði.

3. SKREF: HLUTVERKA- OG VERKASKIPTING

Ákveðið hvernig dreifa skuli ábyrgðinni – kveðið skýrt á um hver beri ábyrgð á að tryggja samþættingu sjónarmiða barnaréttinda og ungmenna í starfinu.

Hlutverk ykkar verða breytileg og fara eftir því hvaða störfum þið gegnið, en einnig því ferli sem um er að ræða hverju sinni. Ráðgjafar, starfsmenn verkefna, verkefnisstjórar, samstarfsaðilar og yfirmenn verða allir að axla ábyrgð á samþættingu í samræmi við sjónarmið sín og hlutverk!

Hver ber ábyrgð á því að sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna verði samþætt við verkferli í 2. skrefi?



Hlutverk ykkar í hinum ýmsu verkferlum geta falist í því að:

- hlusta á börn og ungmenni
- eiga frumkvæði
- skipuleggja
- knýja áfram
- taka ákvarðanir
- leiðbeina
- stjórna öðrum
- greina
- framkvæma
- móta verkefni
- fylgja eftir og meta
- tryggja gæði
- draga í efa.

4. SKREF: ÞEKking OG VERKFÆRAKASSI

Skilgreinið þörf ykkar á þekkingu og byggjið upp „verkfærakassa“ með aðferðum til að bera kennsl á og taka tillit til hugsana og hugmynda barna og ungmenna.

Þegar þið eruð búin að skilgreina í hvaða ferlum eigi að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna, og hlutverk ykkar í ferlunum liggja ljós fyrir, þurfið þið að skilgreina hvaða þekkingu á Barnasáttmálanum og/eða kjörum barna og ungmenna þið hafið þörf fyrir í þessum ferlum. Þið búið ábyggilega yfir þekkingu á vissum sviðum nú þegar, en getið þurft að afla ykkur hennar á öðrum. Hægt er að fara ýmsar leiðir að því að kynna sér mismunandi reynslu, aðstæður og þarfir barna og ungmenna. Mismunandi vinnubrögð kalla á mismikla þátttöku, og áhrif og aðstæður hverju sinni geta gefið vísbendingu um hvaða aðferðir eru hentugar og raunhæfar.



Því er mikilvægt að velja aðferðir sem henta viðkomandi sviði og aðstæðum og þeim börnum og ungmennum sem í hlut eiga. Viðmiðunarreglan er sú að aðkoma barna og ungmenna að ákvörðun fari eftir því hvað hún hefur mikil áhrif á aðstæður þeirra. Þó ber að hafa í huga að þið eruð fullorðin og berið því ábyrgð á því að tekið sé tillit til skoðana barna og ungmenna í samræmi við aldur þeirra og þroska.


Ýmsar aðferðir eru í boði til að lýsa þátttökustigum barna og ungmenna og áhrifum þeirra í ferlinu. Áhugasömum er bent á að kynna sér það sem Robert Hart og Harry Shier hafa skrifað um slíkar aðferðir.¹

Hvaða þekkingar á börnum og ungmennum eða Barnasáttmálanum er þörf í hinum ýmsu ferlum?

Hvernig má tryggja að tekið sé tillit til hinna ýmsu breyta sem geta haft áhrif á reynslu barna og ungmenna, svo sem kyns, kynferðis eða kynvitundar, uppruna, trúarbragða eða lífsskoðunar, fötlunar, kynhneigðar og aldurs?

Hvernig getið þið í ólíkum hlutverkum ykkar tekið tillit til sjónarmiða barna og ungmenna við undirbúning, framkvæmd og mat?

1. Rogert Hart, *Children's Participation: From Tokenism to Citizenship* (1992) og Harry Shier, *Pathways to Participation: Openings, Opportunities and Obligations*. *Children & Society* 15 (2001).



Það má til dæmis gera með því að:

- leyfa börnum og ungmennum að stýra og framkvæma verkefni, taka þátt í ráðstefnu, málstofu eða fundi
- skipa ráðgjafarhóp með fulltrúum barna og/eða ungmenna sem hægt er að ráðgast við um hin ýmsu mál, eða nýta þá hóp/stofnanir sem fyrir eru á norrænum vettvangi, á landsvísu eða staðbundið
- beina spurningum til barna og ungmenna, til dæmis í aldursskiptum markhópum, verkefnum, með spurningalistum, viðtölum eða á samfélagsmiðlum
- leita álits stofnana sem vinna með kjör barna og ungmenna eða sérfræðinga í málefnum barna og ungmenna á ýmsum sviðum
- afla þekkingar um ólík málefni barna og ungmenna sem fram koma í fyrirliggjandi rannsóknaniðurstöðum eða öðrum gögnum
- ræða við starfssystkin um hugsanleg áhrif sem ákvarðanir ykkar geta haft á börn og ungmennti.

VISSIR ÞÚ AÐ

Það nægir ekki að hafa börn og ungmennti viðstödd hin ýmsu ákvarðanaferli til að geta síðan haldið því fram að þau hafi „verið með í ráðum“. Ef virkja á börn og ungmennti til þátttöku verðið þið einnig að vera reiðubúin að breyta eigin hugsunarhætti og aðferðum! Hér eru nokkur algeng víti að varast (innblástur sóttur í þátttökustiga Harts).

Glórulaus þátttaka: Börn og ungmennti taka þátt – en án skýrra markmiða og oft á tíðum til þess eins að festa eitthvað í sessi sem þegar hefur verið mótað.

Málamyndaðþátttaka: Börn og ungmennti taka þátt – en aðeins vegna þess að það lítur vel út að hafa þau með.


Þátttaka án virkni: Börn og ungmennti taka þátt – en eingöngu til þess að þau læri sjálf eitthvað af því en ekki aðrir.

5. SKREF: SAMÞÆTTING

Samþættið stöðugt sjónarmið
réttinda barna og málefna
ungmenna




út frá þeirri þekkingu sem
þið öfluðuð ykkur í
1. SKREFI



í þeim ferlum sem
þið skilgreinduð í
2. SKREFI

út frá hlutverkum
ykkar sem lýst
var í
3. SKREFI

með því að beita þekkingu og
verkfærum sem þið öfluðuð
ykkur í
4. SKREFI



UNDIRBÚNINGUR

FRAMKVÆMD

MAT

Ætlunin er að nema staðar hér! Þó er ekki um kyrrstöðu að ræða. Mörg þeirra ákvarðanaferla sem lýst var hér að framan eiga eftir að skjóta upp kollinum aftur og aftur. Þau fela í sér undirbúning, framkvæmd og mat. Í hverju skrefi geta leynst sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna og í hverri umferð má bæta vinnuna.

Áætlun um samþættingu

Nú er komið að ykkur að taka virkan þátt í stuðningsefni þessu. Ef okkur hefur tekist vel til þá getið þið fyllt út í eina eða tvær línur í svipaðri töflu og hér fer á eftir.

Gerið gjarnan grein fyrir hvernig unnið var út frá hugsun stuðningsefnisins á þann hátt sem hentar ykkur best. Gerið sameiginlega greiningu og áætlun með starfssystkinum ykkar sem vinna með sömu mál og ferli. Og munið að


alltaf má leita ráða hjá NORDBUK, ráðgjafaraðila um málefni barna og ungmenna, eða öðrum sérfræðingum. Ekki sakar að taka sjónarmið sjálfbærni og jafnréttis einnig með í reikninginn! Nú liggur samþættingaráætlun ykkar fyrir!

ÞEKING OG VITUND Þau málefni sem ég fæst við í starfi mínu varða fyrst og fremst börn og ungmenni á eftirfarandi almennan hátt:		
 KORTLAGNING FERLIS Ferli þar sem samþætta á sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna:	 HLUTVERKA- OG VERKASKIPTING Eftirfarandi aðilar/einstaklingar bera ábyrgð á eftirfarandi þáttum í hverju ferli:	 VERKFÆRAKASSI Þróað þarf eftirfarandi þekkingu á málefnum barna og ungmenna og sjónarmið þeirra verða greind/þau virkjuð til þátttöku með eftirfarandi hætti:

Nokkur orð að lokum

Samþætting snýst um að hafa tiltekin sjónarmið að leiðarljósi í þeim málum sem þið fáist við – í þessu tilfelli sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna. Þið eruð sérfræðingar í ykkar málum og best til þess fallin að koma auga á tenginguna við barnasáttmálann og kjör barna og ungmenna! Allt snýst þetta um að velja rétt gleraugu.

Ykkur finnst þið aldrei vera tilbúin, en æfingin skapar meistarann og smám saman verður verklagið ykkur eðlilegt. Og munið að samþætting eykur gæði í starfi ykkar. Heitið á sjálf ykkur að þið aukið stöðugt þátttöku og áhrif barna og ungmenna og leitið nýrra leiða til að láta störf ykkar hafa áhrif á þau.



**Takk fyrir að leggja ykkar af mörkum
til að gera Norðurlönd að besta stað
í heimi fyrir börn og ungmenni. Gangi
ykkur vel!**



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 København
www.norden.org

Ert þú með réttu gleraugun?

„Norðurlönd eiga að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni.“

Þannig hljómar framtíðarsýnin í þverfaglegri stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum. Markhópurinn í forgrunni eru börn og ungmenni á aldrinum 0–25 ára.

Eitt meginmarkmið stefnunnar er að Norræna ráðherranefndin samþætti í auknum mæli sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starfsemi sinni. Þannig verði hlustað betur eftir skoðunum barna og ungmenna og tekið mið af þeim. Börn eiga rétt á að koma að ákvörðunum og ferlum sem þau varða. Verkefni og aðra starfsemi má bæta með því að kalla börn og ungmenni til leiks og veita þeim áhrif. Lögmæti ákvarðana eykst sem og gæði og mikilvægi aðgerða þegar tekið er tillit til sjónarmiða barna og ungmenna.

Riti þessu er ætlað að veita stuðning og hvatningu til að samþætta sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í hinum ýmsum ferlum og starfsemi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Ritið á að veita þekkingu og verkfæri til samþættingar og vekja lesendur til vitundar um hvernig gleraugu þeir eru með á nefinu í daglegu starfi.